

**1990 nr. 58 16. maí****Lög um launasjóð stórmeistara í skák**

Tóku gildi 1. janúar 1991. Breytt með l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Stofna skal Launasjóð íslenskra stórmeistara í skák. Fjárveiting til sjóðsins skal veitt í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1991 og samsvara árslaunum fimm háskólakennara (lektora).

□ Tilgangur sjóðsins er að skapa íslenskum stórmeisturum í skák fjárhagslegan grundvöll til að helga sig skáklistinni standi hugur þeirra til þess, sbr. og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

□ Þeir, sem njóta launa úr sjóðnum, hafa kennslu- og fræðsluskyldu að gegna við Skákskóla Íslands sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

■ **2. gr.** Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum áætluð fjárveiting er jafngildi launum háskólakennara (lektora) til þeirra er njóta skulu launa úr sjóðnum, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr.

□ Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á launum háskólakennara.

□ Fjárveiting skv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1991.

■ **3. gr.** Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa þeir íslenskir skákmeistarar sem öðlast hafa alþjóðlegan titil stórmeistara og sýna skákstyrk sinn með því að ná stórmeistaraárangri a.m.k. einu sinni á þriggja ára tímabili.

□ Ef ekki er kona í hópi stórmeistara skal veita laun hverju

sinni a.m.k. einni konu er náð hefur afburðaárangri í skák ef slík umsókn um laun liggur fyrir.

□ Þeir, sem greiðslu hljóta úr sjóðnum, skulu settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs í senn eða ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

■ **4. gr.** Skákmeistarar, sem njóta launa úr sjóði þessum, skulu:

- sinna skákkennslu við Skákskóla Íslands eða fræðslu á vegum skólans, sbr. lög um Skákskóla Íslands,
- sinna rannsóknum á sviði skáklistar,
- tefla fyrir Íslands hönd á skákmótum heima og erlendis.

■ **5. gr.** Skákmeistarar, er þiggja laun samkvæmt lögum þessum, teljast opinberir starfsmenn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, sbr. lög ...<sup>1)</sup> um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar með talin réttindi til aðildar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda uppfylli þeir að öðru leyti ákvæði 3. gr. laga nr. 29/1963,<sup>2)</sup> með síðari breytingum.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 122. gr. <sup>2)</sup> Nú l. 1/1997.

■ **6. gr.** Stjórn launasjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar tvo, og er annar þeirra formaður, en Skáksamband Íslands einn.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 143. gr.

■ **7. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um framkvæmd laga þessara þar sem m.a. skal kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir úr honum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 143. gr. <sup>2)</sup> Rg. 600/2011.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.